

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Hrútey

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hrútey í Blöndu voru lögð fram til kynningar þann 16. júní 2022 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 15. ágúst 2022. Erindi voru send til samráðsaðila, svo og þeirra sem sóttu opinn kynningarfund vegna áætlunarinnar, þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá fjórum aðilum auk umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



<p>Náttúrufræðistofnun Íslands Náttúrufræðistofnun Íslands gerir engar athugasemdir við innihald stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hrótey.</p>	<p>Viðbrögð samstarfshóps Umhverfisstofnun þakkar fyrir.</p>
<p>Minjastofnun Íslands Minjastofnun Íslands bendir á að minjar voru skráðar í Hrótey vegna vinnu við aðalskipulag árið 2007 sbr. skýrslu sem fylgir. Samantekt minjavarðar yfir minjarnar fylgir auk skýrslunnar sjálfrar.</p> <p>Jafnframt bendir Minjastofnun á að mikilvægt sé að útlínur minja verði sýndar á skipulagsupprætti þegar þar að kemur og tekið verði tillit til þeirra við allar framkvæmdir á svæðinu. Allar minjar njóta að lágmarki 15m friðhelgi frá útbrún þeirra og eru framkvæmdir óheimilar innan þess svæðis nema að fengnu leyfi frá Minjastofnun Íslands.</p>	<p>Kafla 2.2. Bætt var við texta um minjarnar sem nefndar eru og vísað í skráningarskýrslu. Samantekt frá minjaverði er í viðauka V. Lagt er til að skýrslan vegna aðalskipulagsvinnu verði aðgengileg á heimasíðu svæðisins.</p> <p>Einnig var bætt við texta um að leita skuli leyfis frá Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda en í kafla 1.4. kemur fram að Minjastofnun Íslands fer með umsjón og stjórnáætlun menningarminja, fornleifa- og byggingararfs, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.</p> <p>Ábendingu varðandi skipulagsupprætti er komið á framfæri við fulltrúa Húnabyggðar og sérfræðing svæðisins hjá Umhverfisstofnun sem eru í vinnuhópnum um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.</p>
<p>Vegagerðin Vegagerðin gerir engar athugasemdir við innihald stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hrótey.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir.</p>
<p>Fiskistofa Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við áætlunina en bendir á að Umhverfisstofnun kynni hana fyrir Veiðifélagi Blöndu.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir og mun senda ábendingu um áætlunina til veiðifélagsins.</p>

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Ábendingar bárust frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Unnið var úr ábendingum ráðuneytisins.